

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar – nóvember 2006

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu ellefu mánuði ársins 2006 liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 52 milljarða króna innan ársins, sem er 30,1 milljarði hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 34 milljörðum hærri en í fyrra, ef undanskildar eru tekjur vegna sölu Landssímans hf., á meðan gjöldin hækka um 5 milljarða milli ára. Hreinn lánsfjárfjöfnum er jákvæður um tæpa 50 milljarða króna, en hann var jákvæður um rúma 70 milljarða á sama tíma árið áður.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar–nóvember (Í milljónum króna)

	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>
Innheimtar tekjur	206.478	229.442	247.748	360.791	338.507
Greidd gjöld	221.362	240.313	256.960	279.860	284.909
Tekjujöfnumður	-14.884	-10.871	-9.213	80.931	53.598
Söluhagn. af hlutabréfum og eignarhlutum	-3.252	-11.313	0	-58.088	-384
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-1.465	-503	1.036	-1.382	-1.182
Handbært fé frá rekstri	-19.601	-22.687	-8.177	21.461	52.031
Fjármunahreyfingar	9.585	21.056	17.734	48.960	-2.138
Hreinn lánsfjárfjöfnumður	-10.016	-1.631	9.557	70.420	49.893
Afborganir lána	-32.463	-30.666	-32.321	-61.597	-44.583
Innanlands	-12.382	-18.216	-7.138	-14.089	-21.710
Erlendis	-20.081	-12.450	-25.183	-47.508	-22.873
Greiðslur til LSR og LH	-8.250	-6.875	-6.875	-5.132	-3.650
Lánsfjárfjöfnumður, brúttó	-50.728	-39.172	-29.639	3.691	1.660
Lántökur	46.826	39.087	27.567	7.734	21.587
Innanlands	16.054	33.367	11.440	7.734	21.345
Erlendis	30.772	5.720	16.127	-	242
Greiðsluafkoma ríkissjóðs	-3.902	-86	-2.072	11.425	23.248

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 339 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Á sama tíma í fyrra voru þær 361 ma.kr. en þar af voru 57 ma.kr. í söluhagnað af Landssímanum. Sé litið fram hjá honum jukust heildartekjur á tímabilinu um 34 ma.kr. milli ára eða 11,3% sem þýðir 4,4% raunaukningu. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 12,9% að nafnvirði eða 5,9% umfram verðbólgu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 107 ma.kr. og jukust um 20% frá síðasta ári. Innheimt tryggingagjöld jukust um 16% milli ára, eða 6% umfram hækkun launavísitölu. Innheimta eignarskatta nam 8,3 ma.kr. en 6,5 ma.kr. innheimta stimpilgjalda fellur þar undir.

Innheimta skatta á vöru og þjónustu (svokallaðra veltuskatta) nam 160 ma.kr. og jókst um 5,9% að raunvirði. Þar af jukust tekjur af virðisaukaskatti um 7,7% að raunvirði. Þegar horft er á skemmri tímabil innan ársins ber að gæta þess að laga-breyting var gerð í ársbyrjun sem fól í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum og skeykir hún nokkuð samanburð milli ára. Sé horft á hreyfanlegt meðaltal nokkurra mánaða kemur þó fram að jafnt og þétt hefur hægt á raunvexti tekna af veltusköttum það sem af er árinu. Þannig mælist nú 0,8%

samdráttur milli ára í tekjum af veltusköttum í heild miðað við 4 mánaða hreyfanlegt meðaltal.

Tekjur ríkissjóðs janúar–nóvember 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2004	2005	2006	2004	2005	2006
Skatttekjur og tryggingagjöld	230.318	279.390	315.415	13,6	21,3	12,9
Skattar á tekjur og hagnað	71.555	89.310	107.233	13,1	24,8	20,1
Tekjuskattur einstaklinga	55.686	61.599	69.602	11,3	10,6	13,0
Tekjuskattur lögaðila	7.830	11.978	22.730	30,6	53,0	89,8
Skattur á fjármagnstekjur	8.039	15.733	14.900	11,1	95,7	-5,3
Eignarskattar	10.931	14.381	8.256	42,6	31,6	-42,6
Skattar á vöru og þjónustu	118.705	142.024	160.341	12,3	19,6	12,9
Virðisaukaskattur	79.903	96.785	111.166	13,1	21,1	14,9
Vörugjöld af ókutækjum	5.585	9.378	9.523	36,4	67,9	1,5
Vörugjöld af bensini	7.859	8.261	8.486	12,7	5,1	2,7
Skattar á olíu	5.683	3.993	6.070	18,9	-29,7	52,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	9.180	9.782	10.245	2,9	6,6	4,7
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	10.495	13.825	14.852	2,2	31,7	7,4
Tollar og aðflutningsgjöld	2.765	3.074	4.131	16,2	11,2	34,4
Aðrir skattar	1.352	1.490	1.643	.	10,2	10,3
Tryggingagjöld	25.010	29.112	33.811	9,3	16,4	16,1
Fjárframlög	410	357	1.347	-57,8	-12,9	277,1
Aðrar tekjur	16.597	22.957	20.793	19,2	38,3	-9,4
Sala eigna	423	58.086	952	-	-	-
Tekjur alls	247.747	360.790	338.507	8,0	45,6	-6,2

Greidd gjöld námu 285 milljörðum króna og hækkuðu um 5 milljarða frá fyrra ári. Frávik eru meiri á einstökum liðum. Vaxtagreiðslur lækka um 8,2 milljarða, einkum vegna þess að stór flokkur spariskírteina var á innlausn í apríl 2005. Þá lækkar greiddur fjármagnstekjuskattur um 6,1 milljarð milli ára vegna sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Landssímanum hf. í fyrra. Að vaxtagreiðslum og fjármagnstekjuskatti undanskildum hækka gjöldin um 19,3 milljarða eða 7,5%. Þar munar mest um 5,9 milljarða hækkun heilbrigðismála og 3,3 milljarða til menntamála. Þá hækka greiðslur til almannatrygginga- og velferðarmála um 3,1 milljarð og til almennrar opinberrar þjónustu um 2,5 milljarða.

Gjöld ríkissjóðs janúar–nóvember 2006

	Í milljónum króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2004	2005	2006	2005	2006
Almenn opinber þjónusta	42.018	55.116	43.419	31,2	-21,2
Þar af vaxtagreiðslur	12.672	17.203	9.018	35,8	-47,6
Heilbrigðismál	68.233	71.952	77.894	5,5	8,3
Almannatryggingar og velferðarmál	61.344	64.328	67.437	4,9	4,8
Efnahags- og atvinnumál	38.762	37.794	38.736	-2,5	2,5
Menntamál	24.098	27.644	30.975	14,7	12,1

Menningar-, íþrótt- og trúmál	11.325	11.270	12.764	-0,5	13,3
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	8.097	8.243	9.917	1,8	20,3
Umhverfisvernd	2.876	3.110	3.374	8,1	8,5
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	219	403	395	84,2	-2,1
Gjöld alls	256.972	279.860	284.909	8,9	1,8

Lántökur ársins nema 21,6 milljörðum króna en afborganir lána 44,6 milljörðum. Mismunurinn er fjármagnaður með handbæru fé frá rekstri.

Greiddir voru 3,7 milljarðar til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.